



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR MEÐ BAN KI-MOON KVÖLDVERÐUR Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur á móti Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á Bessastöðum í dag, þriðjudaginn 2. júlí kl. 18:45.

Á fundi forseta og framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna verður m.a. fjallað um loftslagsbreytingar, bráðnun íss og þróun mála á Norðurslóðum og framlag Íslendinga til nýtingar jarðhita víða um heim en framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og forseti Alþjóðabankans skipuðu forseta Íslands nýlega í ráðgjafanefnd um verkefnið Sjálfbær orka fyrir alla.

Að loknum fundinum býður forseti Íslands til kvöldverðar til heiðurs Ban Ki-moon og sitja hann m.a. forystumenn ríkisstjórnar Íslands, stjórnendur ýmissa stofnana og samtaka Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og embættismenn Sameinuðu þjóðanna sem eru í för með framkvæmdastjóranum.

2. júlí 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).